

## **102. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 20. ágúst.**

### **Fundargerð**

**Fundurinn var haldinn hjá Austurbrú á Egilsstöðum og hófst kl 11:00.**

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Einar Már Sigurðarson (EMA), Gunnar Jónsson (GJ), Hildur Þórisdóttir (HÞ), Stefán Bogi Sveinsson (SBS), Gauti Jóhannesson (GJ), Pálína Margeirsdóttir (PM), Þráinn Lárusson (ÞL) og Sæunn Stefánsdóttir (SS) í Skype.

Boðaðir en tilkynntu forföll: Sigríður Bragadóttir, í hennar stað var boðaður Stefán Grímur sem komst ekki en gaf leyfi til að ná í sig í síma.

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir (VVK) sem skrifaði fundargerð.

### **Dagskrá:**

1. Fundargerð 101 fundar stjórnar til samþykktar
2. Samráðsfundur um ráðstöfun aflaheimilda
3. Fögur framtíð í Fljótsdal
4. Tölfræði um ferðaþjónustu
5. Haustráðstefna Markaðsstofa landshlutanna
6. Matarauður Austurlands
7. Ýmis mál tengt rekstri
  - Gerð nýrra heimasíða
  - Staða mönnunar og innleiðingu starfsmats
  - Samningamál milli Austurbrúar og SSA
  - Prókúra vegna bankareikninga
8. Önnur mál

Formaður stjórnar Einar Már setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### **1. Fundargerðir.**

Fundargerð nr. 101 undirrituð af stjórn

### **2. Samráðsfundur um ráðstöfun aflaheimilda**

Formaður kynnti tillögu að dagsetningu fundar vegna aflaheimilda. Samþykkt var að fundurinn færi fram þann 8.október, kl 10 og voru stjórnarmenn sammála um hann skyldi haldinn á Egilsstöðum.

### **3. Fögur framtíð í Fljótsdal – nýtt verkefni – staða mála**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir verkefninu. 9 umsóknir bárust um starfið og er úrvinnsluferlið að hefjast.

### **4. Tölfræði um ferðaþjónustu**

Framkvæmdastjóri fór yfir tölur varðandi ferðaþjónustu á Íslandi og stöðu Austurlands í því samhengi. Í framhaldið voru kynntar helstu niðurstöður úr könnun sem gerð var á ferðavenjum erlendra ferðamanna á Egilsstöðum árið 2018.

Framkvæmdastjóra var falið að skoða möguleika á fundi með aðilum frá Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Húsavík í þeim tilgangi að kynna niðurstöðurnar á Austurlandi.

### **5. Haustráðstefna Markaðsstofa landshlutanna**

Framkvæmdastjóri kynnti haustráðstefnu markaðsstofanna sem ber yfirskriftina „Ferðamaður framtíðarinnar“ og fer fram 12.september á Hotel Natura í Reykjavík.

### **6. Matarauður Austurlands**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir verkefninu Matarauður Austurlands. Verkefnið verður unnið með aðilum á svæðinu sem koma að matvælaframleiðslu.

### **7. Ýmis mál tengt rekstri**

- Framkvæmdastjóri sagði frá gerð nýrrar heimasíðu fyrir Austurbrú og SSA. Samþykkt að unnið verði áfram á grundvelli umræðna á fundinum. Stefnt er að því að tillaga að heimasíðu verði kynnt á stjórnarfundum þann 1.okt.
- Framkvæmdastjóri fór yfir breytingar í starfsmannahóp Austurbrúar. Umræða fór fram um kynjahlutfall á vinnustaðnum og mögulegar skýringar á því hvers

vegna það er eins ójafnt og raun ber vitni. Þá var farið yfir og stöðuna í starfsmatsgreiningu sem verið er að vinna.

- Farið var yfir samningamál milli Austurbrúar og SSA
- Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skrifuðu undir umboð fyrir prófkúru á bankareikninga fyrir nýjan starfsmann.

## 9. Önnur mál

Engin önnur mál

Fundi slitið kl 13:00

---

Einar Már Sigurðarson

---

Hildur Þórisdóttir

---

Gauti Jóhannesson

---

Stefán Bogi Sveinsson

---

Gunnar Jónsson

---

Pálína Margeirsdóttir

---

Þráinn Lárusson

---

Sæunn Stefánsdóttir